



Grundarfjarðarbær

Gjaldskrá Leikskólans Sólvalla og Eldhamra 5 ára deildar

Gildir frá 1. janúar 2024

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.	1.238 kr.
Grunngjald fyrir hverja dvalarstund	4.767 kr.
Kortersgjald fyrir kl. 8	1.075 kr.
Kortersgjald eftir kl. 16	1.075 kr.

Fæðisgjald:

Morgunmatur	2.734 kr.
Hádegismatur	5.910 kr.
Síðdegishressing	2.734 kr.
Fullt fæði	11.378 kr.

2. gr.

Afslættir af dvalargjaldi:

Einstæðir foreldrar og námsmenn	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og heilsdagsskóla. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur reiknast eingöngu af heilu dvalargjaldi, ekki af kortersgjaldi, fæði eða öðrum gjöldum.

Dæmi um dvalargjald:

Grunngjald:

Klst.	1. barn	2. barn	3. barn
4	19.068	9.534	0
6	28.602	14.301	0
8	38.136	19.068	0

Einstæðir foreldrar og námsmenn:

Klst.	1. barn	2. barn	3. barn
4	11.441	5.720	0
6	17.161	8.580	0
8	22.882	11.441	0

Fæðisgjald bætist við dvalargjald og einnig kortersgjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar 14. desember 2023 og tekur gildi 1. janúar 2024. Frá sama tíma fellur niður gjaldskrá Leikskólans Sólvalla og Eldhamra, sem gilt hefur frá 1. janúar 2023.

Grundarfirði, 14. desember 2023

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri